um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 14. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og fengið fulltrúa frá Bandalagi ísl. listamanna o. fl. til viðræðna. Nefndinni hafa borizt bréf frá Stefi, stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagi ísl. hljómlistarmanna um málið.

Það er vandamál, sem margar þjóðir glíma nú við að leysa, hvernig sameina megi eðlileg not almennings af segulböndum eða öðrum tækjum til upptöku talaðs orðs og tónlistar annars vegar og hins vegar hæfilegar og sanngjarnar greiðslur til höfunda, túlkenda og eigenda flutningsréttar. Telur nefndin rétt að stofna til vandlegrar rannsóknar á vandamáli þessu og beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún kveðji til þess fróða menn að undirbúa löggjöf um málið. Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, Stef, hefur með bréfi því, sem prentað er með nefndaráliti þessu, heitið því að innheimta ekki gjald af segulbandstækjum, meðan athugun þessi fer fram.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka til hlítar, hvernig bezt sé að haga löggjöf um rétt til upptöku talaðs máls eða tónlistar á segulband eða á annan vélrænan hátt, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta reglulegt þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1959.

Sigurvin Einarsson, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. apríl 1959.

Í framhaldi af viðtali við háttvirta þingnefnd staðfestist hér með, að félagið mun ekki innheimta gjald af segulbandstækjum, meðan athugun sérfróðra manna fer fram á málefni því, sem hér um ræðir, enda verði þeirri athugun hraðað eftir föngum og ný löggjöf ekki sett um efni þetta, fyrr en niðurstöður slíkra athugana liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

STEF — Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar
e. u.
Jón Leifs, formaður.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.